

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um útlendinga nr. 53/2003 með síðari breytingum.

1. gr.

4. mgr. 38. gr., sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 769/2004 orðast svo:
Þegar Útlendingastofnun hefur gefið út dvalarleyfi skal það sent umsækjanda.

2. gr.

39. gr., sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 769/2004 breytist þannig:

- a. Á eftir 1. másl. 2. mgr. bætist nýr másl. er verður 2. másl. og orðast svo:
Útlendingastofnun og sýslumenn utan Reykjavíkur taka við umsóknum um dvalarleyfi.
- b. Á eftir 2. másl. 2. mgr. bætist nýr másl. er verður 4. másl. og orðast svo:
Ef um er að ræða útlending sem fellur undir ákvæði 2. eða 3. mgr. 38. gr. skal hjá Útlendingastofnun eða embætti sýslumanns utan Reykjavíkur tekin stafræn ljósmynd af umsækjanda er fylgja skal umsókn.
- c. Við 5. mgr. bætist nýr másl. er orðast svo:
Skal þá jafnframt tekin af honum stafræn ljósmynd.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 58. gr. laga um útlendinga nr. 96 15. maí 2002 með síðari breytingum öðlast gildi 15. ágúst 2007.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. ágúst 2007.

Björn Bjarnason.

Haukur Guðmundsson.